

## REGLUGERÐ

### um þvingunaraðgerðir varðandi Bosníu og Hersegóvínu.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr. Gerðirnar, ásamt viðaukum, eru birtar sem fylgiskjöl 1-3 við reglugerð þessa:

- 1) Ákvörðun ráðsins 2011/173/SSUÖ (sameiginleg stefna í utanríkis- og öryggismálum) frá 21. mars 2011 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Bosníu og Hersegóvínu.
- 2) Ákvörðun ráðsins 2014/157/SSUÖ frá 20. mars 2014 um breytingu á ákvörðun 2011/173/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Bosníu og Hersegóvínu.
- 3) Sameiginleg afstaða (97/193/SSUÖ) frá 17. mars 1997, sem ráðið ákvað á grundvelli greinar J.2 í sáttmálanum um Evrópusambandið, um þvingunaraðgerðir sem er beint gegn einstaklingum sem frömdu ofbeldisverk þegar atburðirnir í Mostar áttu sér stað hinn 10. febrúar 1997.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann, frystingu fjármuna og aðra háttsemi sem skylt er að gera refsiverða.

#### 3. gr.

##### *Aðlögun.*

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: [www.utn.is/thvingunaradgerdir](http://www.utn.is/thvingunaradgerdir).

## 4. gr.

*Tilkynning.*

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

## 5. gr.

*Undanþágur frá þvingunaraðgerð.*

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

## 6. gr.

*Viðurlög.*

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

## 7. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 18. júlí 2014.*

**Gunnar Bragi Sveinsson.**

*Einar Gunnarsson.*

**Fylgiskjal 1.****Ákvörðun ráðsins 2011/173/SSUÖ**

**frá 21. mars 2011**

**um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Bosníu og Hersegóvínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 14. desember 2010 staðfesti ráðið þann ásetning sinn að styðja hinn almenna rammisamning um frið, Dayton/París, og að vera reiðubúið að fjalla um tillögur þess efnis að auka getu Sambandsins til þess að að vinna ötullega með Bosníu og Hersegóvínu að friði.
- 2) Í þessu sambandi ber að leggja þvingunaraðgerðir á tiltekna einstaklinga og lögaðila sem með aðgerðum sínum grafa undan fullveldi, landamærahelgi og stjórnskipulegri reglu Bosníu og Hersegóvínu og einstaklingseðli landsins á alþjóðavettvangi, auk þess að ógna með alvarlegum hætti öryggi Bosníu og Hersegóvínu eða grafa undan hinum almenna rammisamningi um frið, Dayton/París, og víðaukum við hann.
- 3) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að tiltekna ráðstafanir nái fram að ganga.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

## 1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi, eða um þau fari, þeir aðilar sem með aðgerðum sínum:

- a) grafa undan fullveldi, landamærahelgi og stjórnskipulegri reglu Bosníu og Hersegóvínu og einstaklingseðli landsins á alþjóðavettvangi,
- b) ógna með alvarlegum hætti öryggi Bosníu og Hersegóvínu eða
- c) grafa undan hinum almenna rammisamningi um frið, Dayton/París, og viðaukum við hann, þ.m.t. ráðstafanir sem eru samþykktar fyrirnefndum samningi til framkvæmdar,

og þeir aðrir aðilar sem þeim tengjast, samanber listann í viðaukanum.

2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði þess.

3. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:

- a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
- b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
- c) samkvæmt marghliða samningi, þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða
- d) samkvæmt Sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningurinn) sem Páfastóll (Vatíkanborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli.

4. Ákvæði 3. mgr. telst einnig gilda þegar aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

5. Ráðinu skal tilkynnt um það, með tilhlýðilegum hætti, ef aðildarríki veitir undanþágu skv. 3. eða 4. mgr.

6. Aðildarríki mega veita undanþágu frá þeim ráðstöfunum sem eru gerðar skv. 1. mgr. ef ferð er réttlætt af knýjandi manúðarástæðum eða með þátttöku í fundi alþjóðlegrar milliríkjastofnunar, þ.m.t. fundir sem Evrópusambandið styður og þeir sem haldnir eru í aðildarríkinu, sem hefur formennsku í ÖSE hverju sinni, þar sem fram fara stjórn málaumræður sem efla með beinum hætti lýðræði, mannréttindi og réttarreglur í Bosníu og Hersegóvínu.

7. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágu, sem um getur í 6. mgr, skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan skal teljast veitt nema einn eða fleiri meðlimir ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef einn eða fleiri meðlimir ráðsins hreyfir slíkum andmælum getur ráðið tekið ákvörðun um að veita fyrirhugaða undanþágu með auknum meirihluta.

8. Í þeim tilvikum, skv. 3., 4., 6. og 7. mgr., sem aðildarríki heimilar komu aðila, sem tilgreindir eru í listanum í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða för þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og hlutaðeigandi aðila.

## 2. gr.

1. Frysta ber alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, vörslu eða undir stjórn aðila sem með aðgerðum sínum:

- a) grafa undan fullveldi, landamærahelgi og stjórnskipulegri reglu Bosníu og Hersegóvínu og einstaklingseðli landsins á alþjóðavettvangi,
- b) ógna með alvarlegum hætti öryggi Bosníu og Hersegóvínu eða
- c) grafa undan hinum almenna rammisamningi um frið, Dayton/París, og viðaukum við hann, þ.m.t. ráðstafanir sem eru samþykktar fyrirnefndum samningi til framkvæmdar,

og þeirra einstaklinga eða lögaðila sem þeim tengjast og tilgreindir eru í listanum í viðaukanum.

2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal, með beinum eða óbeinum hætti, gerður aðgengilegur þeim einstaklingum eða lögaðilum til hagsbóta sem tilgreindir eru í listanum í viðaukanum.

3. Lögbært stjórnvald má heimila affrystingu ákveðinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, eða að ákveðnir fjármunir eða efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur, með þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa ákvarðað að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sem um ræðir sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga sem tilgreindir eru í listanum í viðaukanum og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupna, leigu eða veðlána, lyfja og lækningameðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega þóknun fyrir sérfræðistörf og til að standa straum af útgjöldum vegna veittrar lögfræðipjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknun eða þjónustugjald fyrir venjubundna vörslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs eða umsýslu vegna þeirra eða
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórninni á hvaða forsendum það telji að veita skuli sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en hún er veitt.

Aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem það veitir samkvæmt þessari málsgrein.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. mega lögbær stjórnvöld í aðildarríki heimila að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé bundinn veði af hálfu dómstóls, stjórnslustofnunar eða gerðardóms, þ.e. veði sem var stofnað til fyrir þann dag þegar sá einstaklingur eða lögaðili sem um getur í 1. gr. var færður á listann í viðaukanum, eða bundinn úrskurði dómstóls, stjórnslustofnunar eða gerðardóms sem var felldur fyrir þann dag,
- b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði eingöngu notaður til að uppfylla kröfur, sem fyrrnefnt veð tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt fyrrnefndum úrskurði, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila sem eiga slíkar kröfur kveða á um,
- c) að veðið eða úrskurðurinn sé ekki í þágu einstaklings eða lögaðila sem tilgreindur er í listanum í viðaukanum og
- d) að viðurkenning veðsins eða úrskurðarins stríði ekki gegn allsherjarreglu í viðkomandi aðildarríki.

Aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari málsgrein.

5. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að tilgreindur aðili geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi, sem var gerður áður en slíkur aðili var færður á lista, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að aðili, sem um getur í 1. mgr., fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.

6. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki um að eftirfarandi sé lagt inn á frysta reikninga:

- a) vextir eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum eða
- b) greiðslur sem ber að inna af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem var gengið frá fyrir þann dag þegar fyrrnefndir reikningar urðu viðfang ákvörðunar þessarar,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur verði áfram viðfang ákvæða 1. mgr.

### 3. gr.

1. Ráðið skal, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða talsmanni sameiginlegrar stefnu ESB í utanríkis- og öryggismálum, stofna og gera breytingar á listanum í viðaukanum.

2. Ráðherraráðið skal tilkynna ákvörðun sína, m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á lista, viðkomandi aðila, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar, og bjóða honum að leggja fram athugasemdir sínar.

3. Ef athugasemdir eru gerðar, eða traust, ný gögn eru lögð fram, skal ráðherraráðið endurskoða ákvörðun sína og upplýsa viðkomandi aðila um niðurstöðuna.

### 4. gr.

1. Í viðaukanum komi fram ástæður þess að viðkomandi aðilar eru færðir á lista.

2. Í viðaukanum komi og fram nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi aðila. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra, m.a. tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, þjóðerni, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila geta þessar upplýsingar verið, m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningar-númer og starfsstöð.

### 5. gr.

Evrópusambandið skal, í því skyni að hámarka áhrif þvingunaráðgerða þeirra sem mælt er fyrir um í ákvörðun þessari, hvetja þriðju lönd til þess að innleiða álíka ráðstafanir.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.

Ákvörðun þessi gildir til 22. mars 2012.

Ákvörðun þessi skal vera í stöðugri endurskoðun. Hún skal endurnýjuð eða henni breytt, eftir atvikum, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.

Gjört í Brussel 21. mars 2011.

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. Ashton

*forseti.*

VIÐAUKI

...

### **Fylgiskjal 2.**

#### **Ákvörðun ráðsins 2013/157/SSUÖ**

**frá 20. mars 2013**

**um breytingu á ákvörðun 2011/173/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Bosnía og Hersegóvínu.**

2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2011/173/SSUÖ hljóði svo:

„Ákvörðun þessi gildir til 22. mars 2015“.

### **Fylgiskjal 3.**

#### **Sameiginleg afstaða (97/193/SSUÖ)**

**frá 17. mars 1997**

**sem ráðið ákvað á grundvelli greinar J.2 í sáttmálanum um Evrópusambandið umþvingunaraðgerðir sem er beint gegn einstaklingum sem frömdu ofbeldisverk þegar atburðirnir í Mostar áttu sér stað hinn 10. febrúar 1997.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum grein J.2,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Evrópusambandið er fylgjandi þeirri stefnu að stuðla að sáttum og samvinnu milli samfélaganna í Mostar og að eflingu sambandsríkisins,

ráðið telur að atburðir þeir sem áttu sér stað í Mostar hinn 10. febrúar 1997 muni stofna framkvæmd þeirrar stefnu í hættu,

ráðið telur við eiga, í þessu sambandi, að fylgja eftir þeim tilmælum sem skrifstofa æðsta talsmannsins í Sarajevó gaf út, en samkvæmt þeim ber að banna þeim einstaklingum sem bent hefur verið á að hafi gerst sekir um ofbeldi, þegar fyrrnefndir atburðir áttu sér stað, að ferðast til Evrópu og staða sem eru handan hafnsins,

ÁKVEDIÐ ÞESSA SAMEIGINLEGU AFSTÖÐU:

1. Tilkynna ber þá einstaklinga sem taldir eru upp í viðaukanum í því skyni að neita þeim um aðgang að yfirráðasvæðum aðildarríkjanna. Uppfæra ber listann eftir að frekari niðurstöður athugana og dómsmeðferðar liggja fyrir.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þeim ákvæðum er um getur í 1. mgr. frá þeim degi þegar sameiginleg afstaða þessi er ákveðin.
3. Þessi sameiginlega afstaða skal birt í *Stjórnartíðindum EB*.

Gjört í Brussel 17. mars 1997.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

G. ZALM

*forseti.*

VIÐAUKI

**Listi yfir einstaklinga er um getur í 1. lið**

HRKAC Ivan  
PLANINIC Zeljko  
PERIC Bozo.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. ágúst 2014